



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 14. október 2021 kl. 14.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Ingimar Ingimarsson. Jóhanna Ösp Einarsdóttir boðaði forföll.
Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri
sem ritaði fundargerð. Þórður Már var í síma á fundinum.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1903004 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, vindorkugarður í Garpsdal

Fyrir liggur afgreiðsla Skipulagsstofnunar með bréfi dags. 3. september 2021 í kjölfar
ítækunar Reykhólahrepps um staðfestingu stofnunarinnar á breytingu á aðalskipulagi
sveitarfélagsins vegna iðnaðarsvæðis fyrir vindorkuver í landi Garpsdals.

Lögð er fram til afgreiðslu uppfærð skipulagstillaga í samræmi við ábendingar
Skipulagsstofnunar dags. 3.9.2021.

Bætt hefur verið við eftirfarandi ákvæðum í kafla 5. „Efni sem áætlað er til
framkvæmdarinnar er samkvæmt frumhönnun allt að 350.000 m³. Áætlað er að sækja
efni í nálæg efnistökusvæði sem tilgreind eru í gildandi aðalskipulagi þ.e. Garpsdal (E1)
og í Króksfjarðarnes (E2) þar sem heimilt er að sækja allt að 50.000 m³. Áður en
efnistaka hefst þarf framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að liggja fyrir í
samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaraðili skal skila inn
efnistökuáætlun þar sem nánari verði sett fram efnisþörf. Í efnistökuáætlun á að setja
fram hvar efnið er tekið og umfang þess í m² og m³, hve langt niður er áætlað að
vinna, hvernig efnið verður unnið og hvernig frágangi verði háttað. Setja þarf fram
tímaáætlun um vinnslu og lokafrágang.“

„Skipulagsákvæði: Til þess að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á landslag og
ásýnd þá þarf að huga vel að litavali og lágmarka alla lýsingu á svæðin en taka þarf tillit
til flugumferðar. Raski skal haldið í lágmarki og sérstök aðgát skal höfð við
framkvæmdir nærri votlendi og að staðsetja vindmyllur ekki inn á vistfræðilega
mikilvægu landi. Landslag skal fært aftur til fyrra horfs eins og mögulegt er og
vegskeringar aðlagðar landslagi og röskuð svæði grædd upp. Mikilvægt er að taka mið
af umhverfinu og nærliggjandi, náttúrulegum gróðri þegar uppgræðsluáðferðir eru
valdar og halda raski á gróðri í lágmarki.“

„Við lagningu strengsins er áætlað að um 12 m belti raskist en lögð verður áhersla á góðan frágang þannig að ummerki framkvæmdarinnar verði sem minnst.“

Búið er að samræma umfjöllun um stærð svæðis og stærðartalan 3,82 km² fellt út úr umfjöllun um staðhætti í kafla 4 og stærðartalan 4,37 sett inn.

Jafnframt er bætt við uppfærðri dagsetningu á forsíðu í kjölfar breytinga.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að framangreindar breytingar á aðalskipulagi verði samþykktar og í framhaldi ítrekuð fyrri beiðni um afgreiðslu af hálfu Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.30

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____